

Nd. **186. Nefndarálit**  
um frumvarp til laga um verðlag.

Nefndin getur ekki sjeð neina verulega agnúa á því, að aðhyllast ákvæði frumvarpsins um fast verðlag, er fara skuli eftir, þegar reiknuð eru til peninga gjöld þau, sem ákveðin eru i landaurum eða álnatali.

Að öðru leyti hafa skýrslur um breytilegt verðlag á ýmsum tímum hagfræðilega þýðingu, en þeim skýrslum virðist mega safna á annan hagkvæmari hátt en fylgt er við undirbúning verðlagsskráa.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Neðri deild Alþingis 25. Júlí 1913.

Jón Magnússon, Ólafur Briem  
(form.). (skrifari og framsögum.).

Matth. Ólafsson. Jón Ólafsson. Kristinn Danielsson.

Tryggvi Bjarnason. Halldór Steinsson.